



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 4. Október 2012

Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um breytingu á lögum um kosningar til Alþingis og lögum um kosningar til sveitarstjórnar (aðstoð við kosningu), 141. Löggjafarþing 2012-2013. Þingskjal nr. 181 – 180. mál.

Mannréttindaskrifstofu Íslands hefur borist til umsagnar ofangreind breytingartillaga. Með breytingunum á að lögfesta með skýrum hætti rétt kjósenda, sem lagaákvæðin ná til, til þess að ákveða sjálfir hver aðstoði þá við atkvæðagreiðslu í kosningum.

MRSÍ fagnar breytingartillögunni og telur að með henni verði gerð réttarbót í málefnum þeirra einstaklinga sem vegna fötlunar þurfa aðstoð við útfyllingu kjörseðla. MRSÍ vill einnig hrósa innanríkisráðuneytinu fyrir það góða samráð sem haft var við hagsmunaaðila við gerð frumvarpsins.

Í 65. gr. stjórnarskrárinnar er að finna vernd gegn hverskyns mismunun. Hin síðari ár hefur skilningur manna á mismunun og hvernig best er að taka á henni þróast. Má segja að í dag sé vernd gegn mismunun best tryggð í því að gera samfélagið þannig úr garði að allir séu jafnir og til þess að svo geti verið þurfi að gera umhverfi og aðgengi þannig að allir geti átt jafnan kost á því að vera þátttakendur.

Við gerð breytingartillagnanna var 29. gr. a Samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks höfð til hliðsjónar, fjallar sú grein m.a. um rétt fatlaðs fólks til þátttöku í stjórnámálum og opinberu lífi. Þar er sérstaklega tekið fram í iii. lið að þess sé gætt að fatlaðir geti látið vilja sinn óþvingað í ljós sem kjósendur og að þeim sé heimilað í því skyni, þar sem nauðsyn krefur og að þeirra ósk, að njóta aðstoðar einstaklinga að eigin vali við að greiða atkvæði.

MRSÍ áréttar að nauðsynlegt er þó að tryggja að sá einstaklingur sem þarf á aðstoð fulltrúa að halda verði á engan hátt þvingaður af þeim fulltrúa til að kjósa eftir ósk fulltrúans. Telur MRSÍ að þær ráðstafanir sem í frumvarpinu felast, þ.e.a.s. að einstaklingurinn staðfesti ósk sína um fulltrúann við kjörstóra/kjörstjórn eða fái vottorð réttargæslumanns um valið á fulltrúanum ef hann getur ekki látið skoðun sína skýrlega í ljós, séu til þess fallnar að vernda einstaklinginn að þessu leyti.

Virðingarfyllt,
f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Jóna A. Pálmadóttir lögfræðingur